

Selfossi, 23. janúar 2024

Bæjarráð Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Áskorun til bæjarráðs Árborgar frá skólaráði Stekkjaskóla

Skólaráð Stekkjaskóla fundaði 22. janúar síðastliðinn þar sem m.a. skólalóð skólans var til umræðu. Fulltrúar nemenda vörpuðu fram þeirri hugmynd að koma upp skólahreystivelli á skólalóðinni. Nú er verið að hanna annan áfanga lóðarinnar sem á að taka í notkun næsta haust. Ekki er vitað hvenær þriðji hluti lóðarinnar verður tilbúin.

Skólaráð fagnar tillögu nemenda um skólahreystivöll á skólalóð Stekkjaskóla og samþykkir að leggja hana fram til skipulags- og fræðslufirvalda Árborgar.

Ekki aðeins mun aðstaðan nýtast nemendum á skólatíma, heldur verður völlurinn einnig opinn almenningi í Árborg þar sem enginn Skólahreystivöllur hefur verið aðgengilegur til þessa. Aðstaða sem þessi er vel til þess fallinn að efla lýðheilsu og samverustundir fjölskyldna Árborgar ásamt því að vera vettvangur fyrir grunnskóla Árborgar til æfinga og þátttöku í því frábæra samfélagi sem Skólahreysti hefur skapað á landsvísu.

Við í skólaráði Stekkjaskóla vonum að erindið hljóti góð viðbrögð og að sveitafélagið sjái sér hag í að nýta þessa jákvæðu hugmynd og sýn okkar yngri bæjarbúa.

Með góðri kveðju frá skólaráði Stekkjaskóla,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri
Arnar Páll Gíslason foreldrafulltrúi
Kristín Bergmann kennarafulltrúi
Laufey Ósk Magnúsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins
María Ósk Ólafsdóttir kennarafulltrúi
Ragna Fanney Róbertsdóttir nemendafulltrúi
Smári Hallgrímsson foreldrafulltrúi
Soffía Magnúsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna
Stefán Darri Jóhannsson nemendafulltrúi